

Langesbyggð
Langesvegi 2
680 Þórshöfn

Hafnarfjörður 16. júlí 2025
Tilv. 2025-05-30-0560/2.4.2

Efni: Varðar umsagnarbeiðni um Staðarárvirkjun í Bakkafirði

Með erindi sem Fiskistofu barst úr Skipulagsgátt, 30. maí síðastliðinn, óskar Langesbyggð eftir umsögn Fiskistofu vegna áforma Arctic Hydro um að reisa vatnsaflsvirkjun í Staðará í Bakkafirði. Sveitarstjórn Langesbyggðar samþykkti á fundi þann 15. maí sl. að kynna skipulagslýsingu vegna vinnu við breytingu á Aðalskipulagi Langesbyggðar 2007-2027 og við nýtt deiliskipulag vegna virkjunarinnar. Málið er því í lýsingarferli og er nr. 736/2025.

Fiskistofa tekur undir umsögn Hafrannsóknastofnunar í málinu en vill auk þess benda á að framkvæmdir eins og gert er ráð fyrir í breyttu skipulagi kunna að vera háðar leyfi Fiskistofu en um það gildir 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Sækja má um leyfi með rafrænum hætti á vefsíðu Fiskistofu: <https://island.is/leyfi-fiskistofu>

Virðingarfyllst,
F.h. Fiskistofu



Hera K. Aradóttir
Sérfræðingur lax- og silungsveiðisviðs